Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland | Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík | Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020 | www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júlí 2015
UST201506-234/B.S.
10.05.00

**Efni: Rannsókna- og leitarleyfi - málmar – Vopnafjörður. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsókna- og leitarleyfi.
Hér er um að ræða umsókn fyrirtækisins Iceland Resources ehf. um leyfi til fimm ára til leitar og rannsókna á málmum á afmörkuðu svæði, sem er Vopnfjörður að norðvestanverðum Héraðsflóa.
Á fyrstu árum rannsóknarinnar verður m.a. könnuð fyrirliggjandi gögn, svæðið verður kortlagt og jarðvegssýni tekin. Gert er ráð fyrri að rannsóknarteymið ferðist fótgangandi eða ýmist á fjórhjóli, sexhjóli eða þyrlu.
Á síðari stigum verður tekin ákvörðum um borum kjarnahola. Staðsetning holanna verður tilkynnt sérstaklega þegar þar að kemur.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þann hluta rannsóknarinnar sem felst í yfirborðsrannsóknum og sýnatöku. Stofnunin telur hins vegar að leita eigi umsagnar stofnunarinnar þegar ákvarðanir hafa verði teknar um staðsetningu kjarnahola og það verklag sem viðhaft verður við að flytja bortæki á rannsóknarsvæði.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri